UPPSETNING Á YLEININGUM

1. **Undirbúningur:**
   - Þakflötur mældur upp. Grunnlína snúruð og önnur lína hornrétt á hana.
     (ath. reglu um rétthyrnda þríhyrninga t.d. 3-4-5, 6-8-10).
   - Fyrsta eining sem á að nota er tekin úr bretti og sett á búkka þannig að bárurnar snúi upp.
   - Yfirborð búkka þarf að vera slétt og hreint þannig að neðri brún einingar rispist ekki.

   - Veggflötur er mældur upp. Lárétt lína er tekin fyrir neðstu brún eininga, merkt upp á burðarvirki.
   - Liggjandi veggeiningum er raðað neðan frá og upp.
   - Fylgjast skal með því að langskeyti falli sem best að innanverðu og að þéttilistar gægist hvergi út.
2. **Vinna við einingu fyrir hífingu:**
   - Þéttiefni er sett í nót á einingum þar sem þéttilista er ekki við komið
   - Þéttilistinn er límdur undir hábáruna á efra byrðinu þannig að hann lendi á til þess gerðu úrtaki í skörninni.
   - Einnig er hægt að líma borðann ofan á hábáru fyrri plötunnar, í fyrrgreint úrtak,
     en þá er meiri hætta á að skörunarbára efri einingarinnar rekist í listann og hann verði fyrir hnjaski.
   - Ef um er að ræða enda að mæni þá þarf að beygja upp lágbáruna með til þess gerðu klaufjárni.
   - Klippa þarf af yfirlöppun sbr. skýringarmyndir til hliðar.
3. **Undirbúningur á burðarvirki fyrir hífingu.**
   - Innri áfellum er komið fyrir.
   - Um er að ræða slétta vinkla við þakbrúnir og gafla og slétta renninga á samskeytalangband ef þannig háttar.
   - Ef langband er í mæni þá kemur áfella á það annars draghnoðast innri kjölur eftirá,
     þá þarf að setja áfellu ofaná burðarramma.
   - Kíttistaumur komi á allar innri áfellur sem eining sest á.
   - **Áríðandi er að kíttistaumur sé nógu þykkur til að fylla alveg á milli einingar og áfellu.**
     ATH. láréttir bitar yfir og undir gluggum/hurðum eru staðsettir eftir ásetningu veggeininga.
4. **Hífing á einingu.**
   - Hífingarklemmur eru settar á einingunna eða notaðar sogskálar.
   - Staðsetning þeirra þarf að taka mið af langböndum og þakhalla.
   - Alltaf eru notaðar tvær klemmur.
   - Tvö augu eru á klemmunum fyrir lása eða bönd, annarsvegar fyrir þakhífingar, hinsvegar fyrir vegghífingar.
   - Kranakeðjum(-stroffum) er kræk í klemmur.
   - Gott er að setja bönd í a.m.k. aðra klemmuna til að halda við einingunna í hífingunni.
   - Einingin er hífð upp og staðsett skv. útmælingu í lið 1. og fest tryggilega.
   - Næstu einingar eru hífðar á sinn stað eftir undirbúning skv. lið 2.
     Gott er að tylla einingu með einni skrúfu í neðsta langband.

5. **Afrétting á einingum.**
   - **Mikilvægt er að passa að einingarnar klæði sama mál í báða enda.**
   - Hver eining klæðir c.a 1000 mm fyrir SF-105 og c.a 1002 mm fyrir ST-173
   - Viðbúið er að þrýsta þurfi einingum saman þegar þær eru lagðar niður

6. **Skrúfun eininga.**
   - Bora skal fyrir skrúfu í ytra stál eininga með 7mm bor og hreinsa allt svarf eftir borun.
   - Vanda skal til skrúfunar þannig að ekki dældist undan skrúfu/skinnu
   - Hreinsa vandlega allt svarf eftir borun

   Mikilvægt er að verklýsingu sé fylgt eftir þannig að árangur verði sem bestur.

   Til fróðleiks:
   Varðandi mönnun verksins er algengt að 2-3 menn séu niðri og 3- 4 í uppsetningu eininga , fleiri í stórum verkum.
   Toppar í skrúfvélar eru 10 mm eða 3/8".

Litur	Úti	Inni
Þak	Grásilfur RAL 9007	Hvítur RAL 9002
Veggir	Grásilfur RAL 9007	Hvítur RAL 9002

Við langhliðar

Til að auðvela uppsetningu þakeininga þarf að setja stoppara á kantbandið sem passar að þakeining haldist á sínum stað og að útafstaða verði rétt. ATH. Passa þarf að koma fyrir þéttiefni milli innri áfellu og stoppara X= sjá í rennudeili



Við mæni

Klippa þarf úr yfirlöppun meðfram þéttilista og 100 mm niðureftir einingu. Þetta er einungis gert við mæni og þakglugga til að báruþéttillisti nái að þétta (tengjast þéttilista).



Almennar skýringar

ST-173 Yleiningar á þak



1. 0,6 mm stálplötur með 0,05mm plexipolyesterhúð
2. Steinullareinangrun

Kólnunartala fyrir einingu 0,28 W/m² °C

Almennar skýringar

SF-105 Yleiningar fyrir útveggi og EI60 milliveggi



1. 0,6 mm stálplötur með 0,05mm plexipolyesterhúð
2. Steinullareinangrun

Kólnunartala fyrir einingu 0,36 W/m² °C

Númeraðar skýringar fyrir deili ná til þeirra efnisþátta sem ***Límtré Vírnet ehf.*** leggur til nema að annað sé tekið fram.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Yfirfarið
20 JUL 2020
F.h. Byggingarfulltrúi

20201431

16/6 20

Öll afnot og afritun teikningar að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi LímtréVírnet ehf.

Útg.	Dags.	Breyting	Br. af

LímtréVírnet
Byggingadeild - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
kt. 440510-1160 - Sími: 412 5300

Heiti verks
Skógarnes lóð 2
Yleiningar á þak og veggi

Heiti teikningar
Skýringar

Teiknað af:	Mælikvarði:	Verknúmer:	
HK		DL19 063	
Yfirfarið af:	Dagsetning:	Útgáfa nr.:	Nr. teikningar
BI			400

Nafn hönnuðar
Bjarni Ingibergsson
byggingatæknifræðingur
Kt. 030861-2729

Áritun hönnuðar

Dags. áritunar 16.6.2020

401-skógarnes.dwg

Blaðstærð A1